

# *Sjálfsmatsskýrsla Holtaskóla*

*Skólaárið 2021 - 2022*



HOLTASKÓLI

## Efnisyfirlit

|       |                                                   |    |
|-------|---------------------------------------------------|----|
| 1     | Inngangur                                         | 4  |
| 2     | Um skólann                                        | 5  |
| 2.1   | Húsnæði                                           | 5  |
| 2.2   | Búnaður og aðstaða                                | 5  |
| 2.3   | Skólanámskrá                                      | 6  |
| 2.4   | Skólastefna Holtaskóla                            | 6  |
| 2.5   | Menntun kennara                                   | 6  |
| 2.6   | Stjórnun                                          | 6  |
| 2.7   | Nám og kennsla                                    | 7  |
| 2.8   | Eikin, deild fyrir nemendur með einhverfu         | 7  |
| 3     | Þróunarverkefni                                   | 8  |
| 3.1   | Samleikur – Framtíðarsýn á samþættingu námsgreina | 8  |
| 3.2   | Smiðjur                                           | 8  |
| 4     | Sjálfsmat í Holtaskóla                            | 9  |
| 4.1   | Matsaðferðir                                      | 9  |
| 4.2   | Skilgreining á innra og ytra mati                 | 10 |
| 5     | Matsáætlun Holtaskóla 2021-2022                   | 11 |
| 6     | Niðurstöður sjálfsmats 2021-2022                  | 12 |
| 6.1   | Lesfimi                                           | 12 |
| 6.2   | Leið til læsis                                    | 13 |
| 6.3   | Orðarún                                           | 14 |
| 6.4   | Logos                                             | 14 |
| 6.4.1 | Niðurstöður                                       | 15 |
| 6.5   | Talnalína                                         | 15 |
| 6.6   | Samræmd próf                                      | 16 |
| 6.7   | Niðurstöður eineltisteymis                        | 16 |
| 6.8   | Mat á kennslu vegna Covid-19                      | 16 |
| 6.9   | Starfsmannasamtöl                                 | 16 |
| 6.10  | Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar                 | 17 |
| 6.11  | Framkvæmdamat                                     | 18 |
| 7     | Skólapúlsinn                                      | 24 |
| 7.1   | Nemendakönnun                                     | 24 |
| 7.1.1 | Virkni nemenda í skólanum – niðurstöður           | 24 |

|       |                                    |    |
|-------|------------------------------------|----|
| 7.1.2 | Líðan og heilsa – niðurstöður      | 24 |
| 7.1.3 | Skóla-og bekkjarandi – niðurstöður | 25 |
| 8     | Lokaorð                            | 26 |

## 1 Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir sjálfsmati Holtaskóla fyrir skólaárið 2021-2022. Tilgangur með sjálfsmati er að leggja grunn að skilvirku umbótastarfi í skólanum og gera góðan skóla enn betri. Skólum er skylt samkvæmt 35. gr. grunnskólalaga að meta og hafa eftirlit með gæðum grunnskólastarfsins. Markmið þess er að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda. Einnig er mikilvægt að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Markmið eru auk þess að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Matið er altækt, þar sem öll helstu svið skólans eru metin og árangursmiðað þar sem upplýsingarnar verða nýttar sem grundvöllur við ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfsins. Matið er unnið af starfsmönnum skólans á grunni upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum.

*Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.*

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 28-29.

## 2 Um skólann

Holtaskóli er einsetinn, langskiptur grunnskóli með um 417 nemendur í 20 bekkjardeildum í fyrsta til tíunda bekk og sérdeild fyrir einhverfa nemendur. Starfsmenn eru 79 talsins þar af eru kennarar rétt tæplega 40. Holtaskóli tók til starfa árið 1952, skólahúsnæðið hefur verið stækkað í nokkrum áföngum og rúmar ágætlega það starf sem nauðsynlegt er að fram fari innan veggja skólans. Skólastjóri Holtaskóla er Helga Hildur Snorradóttir og hefur hún gegnt því starfi frá 1. ágúst 2018 en hún gegndi því embætti í forföllum, skólaárið 2013-2014. Aðstoðarskólastjóri er Unnar Stefán Sigurðsson sem tók til starfa í upphafi skólaársins 2018-2019. Pétur Brynjarsson er deildarstjóri verkefna og miðstigs, Sigrún Huld Auðundsóttir er deildarstjóri stoðþjónustu og hefur umsjón með yngsta stigi og Stefanía Helga Björnsdóttir er deildarstjóri Eikarinnar.

### 2.1 Húsnæði

Húsnæði skólans er 4517 fermetrar á tveimur hæðum með aðgangi að íþróttahúsi og sundlaug í næstu húsum. Húsakynni eru 19 almennar stofur, stór salur sem notaður er fyrir hvers kyns viðburði og sem mötuneyti. 2 líffræði- og eðlisfræðistofur, þrjú lítil tónlistarherbergi, myndmennta- og leirmótunarstofa, textílstofa, glervinnslu- og trésmíðastofur, tölvustofa, bókasafn, fjórar sérkennslustofur, tvær heimilisfræðistofur, kaffistofa, tvö vinnuherbergi, aðstaða starfsmanna skóla, tvær bókageymslur, skrifstofa skólans, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra, skólahjúkrunarfræðings, náms- og starfsráðgjafa og umsjónarmanns fasteigna. Einnig er mötuneyti fyrir starfsfólk og nemendur og félagsaðstaða nemenda. Að auki eru tvær lausar kennslustofur við skólann.

### 2.2 Búnaður og aðstaða

Hver kennari hefur sína fartölvu til afnota. Allar snúrur eru til staðar í stofunum þannig auðvelt er fyrir kennara að fara með tölvur á milli til að kenna ef svo ber undir. Skjávarpar eru í öllum kennslustofum og unnið hefur verið að því að endurnýja þá eftir þörfum í vetur og bæta við þar sem vantar. Skólinn á ljósritunarvélar, prentara og annan búnað sem hægt er að nota við skólastarfið. Íþróttaaðstaða er góð. Nemendur fara í leikfimi í íþróttahúsi við hlið skólans. Sundlaug er einnig við skólann. Þar er 50 m innilaug sem hægt er að skipta í tvennt auk 25 metra útilaugar. Aðal útisvæðið er við suðurenda skólans. Þar er kastali, leikjagrind, rólur og vegasalt. Til stendur að endurnýja leiktækin á skólalóðinni á komandi sumri. Einnig er afgirtur fótboltavöllur með gervigrasi sem og körfuboltavöllur með 6 körfum. Fyrir ofan skólann er holt en það er vinsælt leiksvæði fyrir hina ýmsu leiki.

### 2.3 Skólanámskrá

Í Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þar birtist m.a. stefna skólans og þau gildi sem starf hans byggir á. Einnig eru þar ýmsar áætlanir s.s. aðgerðir gegn einelti, jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, forvarnaráætlun, rýmingaráætlun, móttökuáætlanir og áætlanir um hvernig unnið er með PBS agakerfið sem skólinn vinnur eftir. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

### 2.4 Skólastefna Holtaskóla

Í Holtaskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki milli fólks. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans eru mikilvægir þættir í skólastarfinu. Í skólanum er starfað eftir skólanámskrá og gerð er starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda. Markmiðið er að Holtaskóli sé í röð fremstu skóla á landinu. Í Holtaskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.

### 2.5 Menntun kennara

Í Holtaskóla hefur hlutfall réttindakennara haldist stöðugt síðustu ár. Nú er svo komið að um það bil 80% kennara við skólann eru með kennsluréttindi, 7 af 9 leiðbeinendum eru í kennaranámi. Símenntunaráætlun starfsfólks má finna í starfsáætlun skólans sem er endurskoðuð árlega.

### 2.6 Stjórnun

Stjórnendateymi Holtaskóla er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, sem stýrir elsta stigi, deildarstjóra stoðþjónustu og yngsta stigs, deildarstjóra verkefna og miðstigs auk deildarstjóra Eikarinnar. Verkaskipting er tilgreind í starfslýsingum sem eru til endurskoðunar í upphafi hvers skólaárs.

## 2.7 Nám og kennsla

Holtaskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. – 10. bekkjum. Boðið er upp á fjölbreytt úrval valgreina innan skólans sem og í samvinnu við Fjölbrotaskóla Suðurnesja og Íþrótt- og tómstundafélög. Þar að auki á Holtaskóli góð samskipti við fyrirtæki í Reykjanesbæ sem taka að sér einstaka nemendur í vinnustaðnám. Skólanámskrá Holtaskóla sem byggð er á Aðalnámskrá grunnskóla er leiðandi plagg í uppbyggingu og skipulagi náms og kennslu, því verður skólanámskráin að vera í stöðugri endurskoðun. Námsmat á sér stað yfir allt skólaárið og starfar Holtaskóli ekki eftir annakerfi. Stefnt er að því að námsmat sé sem víðtækast og gefi eins réttar upplýsingar um stöðu nemandans og kostur er.

## 2.8 Eikin, deild fyrir nemendur með einhverfu

Deild fyrir börn með einhverfu er starfrækt við skólann. Hún var stofnuð haustið 2001 og er opin börnum með einhverfu í Reykjanesbæ. Nemendur deildarinnar voru 11 skólaárið 2020 - 2021. Nemendur deildarinnar eru allir skráðir í umsjónarbekki og njóta þar aðstoðar stuðningsfulltrúa en fá kennslu í Eikinni eftir þörfum hvers og eins. Kennsla í deildinni er að öðru leyti byggð á aðalnámskrá grunnskóla.

Við deildina starfa þrír kennarar sem sjá um sérkennslu, þrír þroskapijálfar og sex skólaliðar. Deildarstjóri og þroskapijálfar sjá einnig um ráðgjöf til kennara og starfsfólks sem hafa umsjón með nemendum á einhverfurófi, hvort heldur sem er nemendum sem eru í Eikinni eða nemendum sem eru í almennum bekkjardeildum. Í deildinni er notuð kennsluaðferð sem kallast TEACCH – eða skipulögð kennsla. En með því að skipuleggja umhverfið, setja upp sjónræna dagskrá, vinnukerfi og sjónrænt skipulag eykst færni barna með röskun á einhverfurófi og gerir þau færari um að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Einnig er notuð atferlismótun þar sem jákvæð hegðun er styrkt. Kennsla í deildinni er að öllu leyti einstaklingsmiðuð þar sem styrkleikar hvers og eins eru hafðir í fyrirrúmi. Nemendur Eikarinnar fylgja bekknum sínum eins mikið og geta þeirra leyfir í bóklegum greinum og í öllum sérgreinum. Stefna Eikarinnar er að veita nemendum með einhverfu kennslu og námsumhverfi í samræmi við þeirra þarfir og því sem hæfir þeim best. Stefnan á að stuðla að því að nemendur fái aukið sjálfstraust, sjálfstæði og betri samskiptahæfni. Þann 27. apríl 2022 var Eikinni gert að loka stofum sínum og flytja í lausar kennslustofur á lóð skólans. Þetta var gert í kjölfar sýnatöku sem leiddi í ljós að mygla væri í öllum stofum deildarinnar. Úrbætur hófust strax og er áætlað að framkvæmdum verði lokið fyrir upphaf næsta skólaárs. Deildarstjóri Eikarinnar er Stefanía Helga Björnsdóttir.

### 3 Þróunarverkefni

Í Holtaskóla eru tvö þróunarverkefni í gangi: Smiðjur á yngsta- og miðstigi, Samleikur-Framtíðarsýn á samþættingu námsgreina á unglingastigi.

#### 3.1 Samleikur – Framtíðarsýn á samþættingu námsgreina

Áhugi er nauðsynlegur hvati sem fær bæði kennara og nemendur til að sinna fjölbreyttum verkefnum sem reyna á sköpun og samvinnu. Verkefnið hefur leitt af sér samþættingu námsgreina og búið hefur verið til hlaðvarpsver sem nemendur hafa mikið nýtt til þess að miðla og taka upp efni þar sem unnið hefur verið með samþættingu námsgreina. Nemendur hafa tekið viðtöl við hverja aðra sem og gesti um mismunandi málefni og hafa nemendur verið sérstaklega áhugasamir um þessa nálgun á kennsluháttum. Áframhaldandi vinna verður við þróun þessa verkefnis á næsta skólaári. Markmið verkefnisins var að hvetja kennara til að prufa nýjar hugmyndir og ýta undir ýmis konar þróun á fjölbreyttum kennsluháttum. Einnig var ætlunin að auka áherslu á hæfnimiðuð samþættingarverkefni sem eru í takt við aðalnámskrá grunnskóla.

Á skólaárinu 2021-2022 var samþættingarverkefni á unglingastigi í stöðugri þróun hjá okkur í Holtaskóla. Á þessu skólaári bættist við upplýsinga- og tæknimennt, með meiri tækni eins og upptöku á hljóði og mynd. Nemendur höfðu tækifæri til að skila verkefnum í myndbandsupptöku og í hlaðvarpi. Námsfögin sem tóku þátt í þessu verkefni að þessu sinni voru, ásamt upplýsinga- og tæknimennt, enska og samfélagsfræði. Reikna má með enn meiri samþættingu námsgreina á komandi skólaári.

#### 3.2 Smiðjur

Ákveðið var að bjóða upp á smiðjur til reynslu þennan veturinn. Boðið var upp á 13 smiðjur bæði á yngsta- og miðstigi skólans. Á yngsta stigi var boðið upp fyrirritun, breakout, borðspil, listasmiðju, spilastöð, tilraunir, textíl, minecraft, leiklist, jóga, úti- og ratleiki, bókasafn og eldhúsfjör á yngsta stigi. Á miðstigi var boðið upp á 3D teikningar, spagetti þrautir, tilraunir, spil, minecraft, heimilisfræði, borðspil, break-out, jóga, stuttmyndagerð, enskir leikir/spil, tálgun og tónlist / leiklist. Mikil ánægja var með smiðjurnar bæði hjá nemendum og starfsfólki. Þessi vinna þótti takast með eindæmum vel og ákveðið var að halda henni áfram næsta vetur.

## 4 Sjálfsmat í Holtaskóla

Grunnskólar hafa ætíð lagt mat á ákveðna þætti starfsemi sinnar, þetta var ekki gert með skipulögðum eða heildstæðum hætti fyrr en ákvæði um sjálfsmat skóla voru færð í lög árið 1995. Í heftinu *Sjálfsmat skóla* kemur fram að skóli velji sjálfur matsaðferðir og að á fimm ára fresti skuli gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Til að sjálfsmat skili ásættanlegum árangri þarf það að taka til sem flestra þátta í skólastarfinu t.a.m. námsárangurs, skólanámskrár, skólastefnu, foreldrasamstarfs, líðan nemenda og starfsmanna, stöðu þróunarvinnu o.s.frv. Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem koma að sjálfsmatsvinnu geri sér grein fyrir að hún nái til lengri tíma. Þrátt fyrir að skólar geri sjálfsmatsáætlanir til ákveðins tíma þýðir það ekki að matinu sé lokið eftir þann tíma, heldur ber að líta á þetta starf sem upphaf að stöðluðu mati á skólastarfi sem ber að endurmeta líkt og aðra starfsemi. Líkt og að ofan greinir verður að meta sem flesta þætti skólastarfsins með skipulag og rétt verklag í forgrunni.

Það er margvíslegt sem hafa ber í huga við undirbúning og framkvæmd sjálfsmats í skólum líkt og greinir frá í riti menntamálaráðuneytisins Sjálfsmat skóla. Innihald skólanámskrár segir nánast allt um skólastarf og er því það tæki sem unnið er út frá við sjálfsmat. Í skólanámskránni er að finna öll helstu markmið sem snúa að ytri og innri þáttum starfsins og er þá um leið orðin það tæki sem þarf að endurskoða reglulega með umbætur í huga. Í sem fæstum orðum er meginmarkmiðið að útbúa skipulagðar og skilvirkar leiðir til að komast að því hvaða álit allir hlutaðeigandi hafa á skólastarfinu og hvaða árangri skólastarfið er að skila.

### Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi:

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti
- Stuðla að þróun og vexti skólans
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans

### 4.1 Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans. Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar

og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, vettvangsathuganir, kynningar og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðugreiningar á ýmsum viðburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og viðbragðsáætlanir gerðar. Gerð er matsáætlun þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár.

## 4.2 Skilgreining á innra og ytra mati

Í þessari skýrslu er skilgreiningin á innra og ytra mati eftirfarandi:

**Innra mat** er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaráætlanir, sé þess þörf.

**Ytra mat** er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Námsmatsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á. Menntamálastofnun gerði úttekt á Holtaskóla í nóvember 2019 en á heimasíðu skólans má finna niðurstöður úttektarinnar.

## 5 Matsáætlun Holtaskóla 2021-2022

| Hvað er skoðað                                                                                               | Hvenær                                     | Undirbúningur og framkvæmd                          | Úrvinnsla                                                            | Hvað er gert við niðurstöður                                                                                                                                                                                                                                                                    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------|-----------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Viðhorf og líðan nemenda í 6. – 10. bekk                                                                     | September, nóvember, janúar, mars, maí     | Skólapúlsinn, deildarstjóri                         | Skólapúlsinn skólastjórnenndur                                       | Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatskýrslu sem birt er á heimasíðunni. Foreldrum tilkynnt um birtingu.                                                                                                                                                               |
| Lesfímipróf lögð fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk og undirpróf fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum. | September, janúar og maí                   | Umsjónarkennarar                                    | Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu                       | Niðurstöður eru skráðar fyrst inn í Skólagátt og svo inn á Mentor. Brugðist er við þegar nemandi er undir viðmiðum án skýringa. Deildarstjóri stoðþjónustu vinnur úr niðurstöðum og kynnir starfsmönnum.                                                                                        |
| Lestrarskimunin Leið til læsis lögð fyrir 1. bekk                                                            | Október                                    | Umsjónarkennarar í 1. bekk og sérkennari            | Umsjónarkennarar í 1. bekk, sérkennari og deildarstjóri stoðþjónustu | Brugðist við niðurstöðum og áætlanir gerðar til úrbóta. Umsjónarkennarar ræða niðurstöður við foreldra. Niðurstöður eru skráðar í Mentor.                                                                                                                                                       |
| Logos lestrarskimun í 6., og 8. bekk.                                                                        | Nóvember (6. bekkur) og apríl (8. bekkur). | Kennsluráðgjafar FRÆ og deildarstjóri stoðþjónustu. | Kennsluráðgjafar FRÆ og deildarstjóri stoðþjónustu                   | Farið yfir niðurstöður með skólastjórnenndum, umsjónarkennurum og námsráðgjafa Niðurstöðum skilað til foreldra þar sem við á. Niðurstöður greindar og áætlanir gerðar til úrbóta ásamt efni sem sent er heim ef þörf er á. Þeim nemendum sem talin er ástæða til er vísað til frekari athugunar |
| Skólanámskrá                                                                                                 | Ágúst og september                         | Skólastjórnenndur                                   | Skólastjórnenndur og kennarar                                        | Birtar á heimasíðu skólans.                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Starfsáætlun - endurskoðun                                                                                   | Ágúst og september                         | Skólastjóri                                         | Skólastjórnenndur og skólaráð                                        | Birt á heimasíðu skólans.                                                                                                                                                                                                                                                                       |


## 6 Niðurstöður sjálfsmats 2021-2022

### 6.1 Lesfimi


Í 2.-10. bekk eru lesfimiþróf tekin í september, janúar og maí. Þeir nemendur í 1. bekk sem náð hafa lestrarfærni í september fara einnig í lesfimiþróf og er það metið af umsjónarkennurum. Umsjónarkennarar 1.-7. bekkjar hafa umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu lesfimiþrófanna. Í 8.-10. bekk lagði Erna Ósk Steinarsdóttir fyrir lesfimiþrófin. Niðurstöður er skráðar í Skólagátt auk þess sem þær eru skráðar inn á Mentor og þannig komið áleiðis til foreldra. Farið er yfir niðurstöður með foreldrum á samskiptadögum og fá allir nemendur útprentaðar niðurstöður í lok skólaárs.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar er ánægjulegt að sjá að 1., 2., 3., 5., 6., 9. og 10. bekkur eru yfir landsmeðaltali eða á pari við það. Unnið er með nemendum á einstaklingsgrunni til að þeir nái markmiðum sínum í lestri. Nemendur sem eru undir viðmiðum fá ýmskonar inngrip eða ráðleggingar til að auka færni sína og er það gert í samstarfi við foreldra hverju sinni.


Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum  
Holtaskóli, sept. 2021




Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum  
Holtaskóli, sept. 2021



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum  
Holtaskóli, maí 2022



Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum  
Holtaskóli, maí 2022



## 6.2 Leið til læsis

Leið til læsis er mats- og stuðningskerfi í lestrarkennslu, ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Lesskimunarpróf er lagt fyrir að hausti í 1. bekk þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu. Niðurstöður eru settar inn á Mentor og unnið er með þá þætti sem mælast í áhættu hjá nemendum.

Þeir nemendur sem mælast utan áhættu eru utan áhættuhópa. Þeir sem mælast í óvissuhóp þurfa hugsanlega þörf á stuðningi, það er þá metið út frá niðurstöðum annarra þátta. Ef nemandi lendir í áhættu 2 eru nokkrar líkur á vanda og þeir sem mælast í áhættu 1 eru líklegir til að glíma

við vanda. Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu fara saman yfir niðurstöður skimunar og tekin er ákvörðun um hvaða nemendur fá sent ítarefni með sér heim. Á þessu skólaári fóru 31 nemandi í skimunina og fengu 13 nemendur með sér heim ítarefni í kjölfarið.

Við lok 1. bekkjar höfðu 27 af 33 nemendum árgangsins náð lágmarksviðmiðum Lesfimi MMS og 5 nemendur voru yfir viðmiði 3.



### 6.3 Orðarún

Orðarún er lesskilningspróf sem kannar hversu vel nemendur skilja meginefni textans og átta sig á staðreyndum, orðréttum eða umorðuðum, dragi ályktanir af því sem ekki er sagt með berum orðum í texta, átti sig á meginefni texta og útskýri orð og orðasambönd. Prófið er lagt fyrir nemendur í 3. - 8. bekk. Ef lesa þarf textann fyrir nemanda er prófið skráð sem hlustunarskilningur á Mentor. Umsjónarkennarar leggja prófið fyrir alla nemendur í einu og vinna úr niðurstöðum. Niðurstöður eru skráðar inn á Mentor. Nemendur og foreldrar gátu því nálgast niðurstöðurnar þar. Kennarar meta niðurstöður og fylgja þeim eftir með þjálfun í bekk og endurmati.

### 6.4 Logos

Logos er tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni nemenda og er staðlað fyrir íslenska nemendur. Logos hefur tvo prófaflokka: Fyrri flokkurinn er ætlaður nemendum í 3.-5. bekk og sá síðari 6.–10 bekk og fullorðnum. Innan hvers flokks eru margir prófpættir. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að lestrarerfiðleikar séu greindir sem fyrst svo grípa megi tímanlega inn í með viðeigandi hætti. Niðurstöður prófana í Logos eru

settar fram á myndrænan hátt ásamt töflum þar sem hægt er að bera saman niðurstöður nemandans við jafnaldra. Kennsluráðgjafar FRÆ koma í skólann og leggja fyrir nemendur í 6. og 8. bekk skimun með Logos. Prófaður er lesskilningur, leshraði og umkóðunar færni nemenda. Breyting var gerð á því á síðasta skólaári hverjir eru skimaðir, en áður var allur árgangurinn skimaður. Nú eru þeir nemendur skimaðir sem uppfylla ekki lesfímiviðmið MMS og því hluti árgangsins skimaður. Niðurstöður sem skólar fá því í hendurnar eru frábrugðnar fyrri árum.

Kennsluráðgjafar vinna úr niðurstöðum og kynna fyrir stjórnendum, námsráðgjafa og umsjónar-, sér- og faggreinakennurum eftir því hvað á við hverju sinni. Deildarstjóri stoðþjónustu sendir æfingar heim til þeirra nemenda sem mælast undir viðmiðum ef þörf er á. Nemandi er þá aftur skimaður. Ef framfarir eru nægar er fylgst vel með nemanda, ef framfarir eru ekki til staðar þrátt fyrir markvisst inngríp er nemandi settur í allt Logos prófið til að athuga hvort einkenni dyslexíu uppfylli viðmið til greiningar.

#### 6.4.1 Niðurstöður

Eftir að rýnt var í niðurstöður var ákveðið að vísa 9 nemendum úr 6. bekk í frekari athugun hjá kennsluráðgjafa. 11 nemendur 8. bekkjar voru skimaðir 29. apríl og niðurstöður verða kynntar í haust og þá tekin ákvörðun um hvort ástæða sé til að vísa nemendum í frekari athugun hjá kennsluráðgjafa.

#### 6.5 Talnalína

Þar til á þessu skólaári hefur Talnalykill verið lagður fyrir nemendur. Skiptar skoðanir hafa verið um gagnsemi Talnalykils, auk þess að langt er síðan hann hefur verið uppfærður. Settur var því á laggirnar samstarfshópur kennara úr öllum skólum Reykjanesbæjar og hefur hann unnið að því á að búa til og þróa nýtti matstæki sem hefur fengið heitið Talnalína. Frá og með næsta skólaári mun Talnalína vera lögð fyrir alla nemendur í 3., 6. og 8. bekk og er markmið hans að fylgjast með framvindu náms nemenda og gefa kennurum og foreldrum tækifæri til að grípa inn í ef frammistaða er ekki viðunandi. Prófpáttum skimunarprófsins er skipt eftir A, B eða C hæfni og viðmiðið er að nemendur nái B hæfni í öllum þáttum. Ítarefni fylgir stöðuprófinu til þess að hægt sé að þjálfar nemendur í þeim þáttum sem viðunandi árangur næst ekki. Foreldrar munu vera upplýstir um niðurstöður skimunarprófsins með bréfi.

## 6.6 Samræmd próf

Menntamálaráðuneytið tók þá ákvörðun að hætta fyrirlögn samræmdra prófa og hefur MMS verið falið að hanna nýja mælikvarða í stað samræmdra prófa sem nefnist Matsferill.

## 6.7 Niðurstöður eineltisteymis

Í Holtaskóla er starfrækt eineltisteymi og í því sitja Ása Kristín Margeirsdóttir kennari, Elísabet Kolbrún Eckard náms- og starfsráðgjafi, Sigrún Huld Auðunsdóttir deildarstjóri og Valdís Inga Steinarsdóttir kennari. Fimm málum var vísað til eineltisteymis á skólaárinu, tveimur fyrir áramót og þremur eftir áramót. Þremur málum hefur verið lokað og var gekk vinnsla málanna vel. Teymið óskaði eftir ráðgjöf frá Fagráði eineltismála í einu málinu. Tilkynning vegna tveggja mála barst það nálægt skólalokum að ekki náði að klára vinnslu þeirra. Mun þeim málum því vera fylgt áfram næsta skólaár. Um miðjan maí barst teyminu samræmd vinnulýsing, gátlisti og verkætlan fyrir alla grunnskóla Reykjanesbæjar. Verið er að leggja lokahönd á að samræma það við nýja eineltisstefnu skólans og stefnt er að því að leggja hana fyrir starfsmenn næsta skólaár og í kjölfarið skólaráð til samþykktar.

## 6.8 Mat á kennslu vegna Covid-19

Vegna heimsfaraldurs Covid-19, boðaði sóttvarnalæknir og ríkisstjórn Íslands ekki til verulegrar skerðingar á skólahaldi skólaárið 2021-2022. Skólasetning var án foreldra sökum fjöldatakmarkanna nema hjá nemendum í 1. bekk. Foreldrar voru beðnir um að koma ekki inn í bygginguna að nauðsynjalausum framan af hausti. Aftur ruku Covid-19 tölurnar upp fyrir jólin og settar voru á takmarkanir sem þó höfðu ekki áhrif á kennslu. Eftir áramót var mikið um smit bæði meðal starfsmanna og nemenda skólans sem hafði einhver áhrif á hefðbundið skólastarf og stóð þessi lota yfir frá áramótum og út febrúar. Þegar mest var um veikindi meðal starfsfólks skólans á vantaði yfir 20 starfsmenn í vinnu. Skólastarf var nokkuð hefðbundið eftir páskafrí og til skólaslita.

## 6.9 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram í mars og apríl mánuði og þáðu allir starfsmenn skólans samtal, sem framkvæmd voru af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjórum. Starfsmannahópnum var skipt upp í hópa jafnt á milli stjórnenda og höfðu starfsmenn tök á því að skipta um viðmælanda, sem að nokkrir starfsmenn þáðu. Allir starfsmenn fengu sent í tölvupósti skipulag samtalsins og spurningarnar sem lágu til grundvallar samtalsins. Misjafnt var á milli starfsmanna hvort að fyrirframgefnum spurningum var svarað eður ei. Samtölin fóru fram í rólegu umhverfi, þar sem starfsmenn stjórnuðu ferðinni með spurningarnar að leiðarljósi. Þar að auki völdu starfsmenn sér styrkleikaspjöld, sem lýsti þeim einna best, sem rædd voru við lok hvers viðtals. Stjórnendur

völdu einnig 2-3 spjöld fyrir hvern starfsmann, styrkleika sem lýsti starfsmanninum hvað best að mati þess sem stjórnaði samtalinu. Mikil ánægja var með styrkleikaspjöldin og umræðuna sem skapaðist í kringum þau, þar sem starfsmenn voru almennt þakklátir fyrir styrkleikana sem að stjórnendur völdu. Starfsmannasamtölin gengu almennt mjög vel og þáðu allir starfsmenn samtalið.

Almenn líðan meðal starfsfólks er mjög góð en þó kom fram álag sem að starfsmenn hafa mátt þola undanfarin ár t.d. vegna Covid. Starfsmenn voru almennt ánægðir með þann aðbúnað sem þau hafa hjá skólanum og komu einnig með góða punkta hvað mætti betur fara í skólastarfinu almennt, sem og hvað Holtaskóli gæti gert til að stíga næsta skref í framþróun skólans.

## 6.10 Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar

Undanfarin ár hefur Reykjanesbær lagt fyrir könnun fyrir alla starfsmenn bæjarins með það meginmarkmið að greina vinnustaði sem tilheyra bæjarfélaginu. Allir starfsmenn skólans fengu könnunina senda í tölvupósti en svarhlutfall starfsmanna rétt rúmlega 60% að þessu sinni. Helstu niðurstöður starfsmanna Holtaskóla má sjá hér fyrir neðan sem birtist sem meðaltal allra spurninga á 5 punkta kvarða.

Það sem vel er gert:

|                                                                                       |      |      |        |
|---------------------------------------------------------------------------------------|------|------|--------|
| 4. Ég legg mig fram við að veita góða þjónustu í mínu starfi.                         | 4,89 | 4,87 | △ 0,02 |
| 12. Hversu auðvelt eða erfitt áttu með að finna áhuga fyrir vinnunni þinni?           | 4,47 | 4,26 | △ 0,21 |
| 1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í starfi þínu?                                | 4,30 | 4,12 | △ 0,18 |
| 3. Myndir þú segja að almennt séo ríki góður eða slæmur starfsandi á þínum vinnustað? | 4,26 | 4,14 | △ 0,12 |

Tækifæri til úrbóta:

|                                                                                                                                  |      |      |         |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|------|---------|
| 11. Myndir þú segja að þú ráðir vel eða illa við það álag sem er á þér í þínu starfi?                                            | 4,19 | 4,06 | △ 0,13  |
| 6. Starf mitt er metið að verðleikum af samstarfsfólki og yfirmönnum.                                                            | 4,11 | 4,08 | △ 0,03  |
| 2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með Reykjanesbæ sem góðum vinnu..                                            | 4,02 | 4,01 | △ 0,01  |
| 5. Myndir þú segja að í daglegum störfum þínum fengir þú fullnægjandi eða ófullnægjandi upplýsingar til að vinna starf þitt vel? | 3,98 | 3,97 | ◇ 0,01  |
| 8. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með stjórnun þíns vinnustaðar?                                                           | 3,96 | 4,08 | ▽ -0,12 |
| 9. Stjórnandi minn tekur á vandamálum um leið og þau koma upp.                                                                   | 3,96 | 4,05 | ▽ -0,09 |
| 16. Ertu sammála eða ósammála því að starfsmenn á þínum vinnustað vinni að sameiginlegu markmiði?                                | 3,85 | 4,15 | ▽ -0,30 |
| 10. Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi.                                                | 3,79 | 3,91 | ▽ -0,12 |

Gerum betur í nánustu framtíð:

|                                                                                                                               |      |      |         |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|------|---------|
| 21. Starfsfólk Reykjanesbæjar hefur jöfn tækifæri óháð kyni, aldri, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, trú, fötlun eða kynheigð. | 3,65 | 3,87 | ▽ -0,22 |
| 20. Finnur þú fyrir miklum, litlum eða engum kvíða vegna COVID -19?                                                           | 3,43 | 3,13 | △ 0,30  |
| 15. Hversu vel eða illa þekkir þú gildi Reykjanesbæjar og lætur þau endurspeglast í starfi þínu?                              | 3,34 | 3,58 | ▽ -0,24 |
| 7. Á vinnustaðnum mínum förum við reglulega yfir árangur í starfinu okkar.                                                    | 3,28 | 3,59 | ▽ -0,31 |
| 14. Finnst þér þú vera vel eða illa upplýst(ur) um atburði og breytingar innan Reykjanesbæjar?                                | 3,11 | 3,34 | ▽ -0,23 |
| 13. Finnst þér þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei vera andlega örmagna í vinnunni?                                           | 2,89 | 2,92 | ▽ -0,03 |

Niðurstöðurnar koma þökkaleg vel út í Holtaskóla en við viljum svo sannarlega vera með fleiri þætti græna og er vinna vegna þess þegar hafin. Leitað var til starfsmanna skólans eftir hugmyndum að aðgerðaráætlun til að fjölga grænu súlunum. Sú vinna er farin af stað og verður haldið áfram í upphafi næsta skólaárs. Áhyggjuefni stjórnenda skólans er hversu oft starfsfólk upplifir sig örmagna í vinnunni en þar telja stjórnendur að Covid-19 spili stóran þátt. Þess má geta að svipaðar niðurstöðu má finna í öðrum skólum bæjarins.

Umbótarætlun, vegna niðurstaða vinnustaðagreiningarinnar var unnin í samráði við starfsfólk skólans á vormánuðum. Á starfsmannafundi var hópnum skipt niður, hver hópur vann með þrjár fyrirfram gefnar spurningar og skiluðu svo niðurstöðum sínum í lokin.

### Framkvæmdamat

Margir viðburðir eru í skólanum og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum frá starfsfólki um hvað tókst vel og hvað má betur fara.

| Viðburðir                               | Hverjir meta                                           | Mat og það sem betur má fara                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
|-----------------------------------------|--------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skólasetning                            | Stjórnendur, athugasemdir frá starfsfólki og foreldrum | Skólasetning fór fram með nokkuð óhefðbundnum hætti sökum takmarkanna vegna Covid-19. Nemendur í 2.-10. Bekk mættu í skólann án forráðamann kl. 08:10 í stofu til umsjónarkennara. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá að lokinni setningu kl. 08:50.                                                                                                                                                                    |
| Öflugir strákar<br>Bjarni Fritz         | Stjórnendur og umsjónarkennarar 8. bekkjar             | Bjarni Fritz kom og hélt námskeið fyrir drengi 8. bekkjar. Markmiðið var að efla sjálfstraust þeirra, styrkja þá til að taka góðar ákvarðanir og að vera jákvæðir leiðtogar. Umsjónartímar voru nýttir og kom Bjarni í 4 skipti og í lokin var haldinn fundur með foreldrum þar sem Bjarni fór yfir með foreldrum hvernig gekk og hvað þeir hefðu lært.                                                                |
| Kristín Lillendahl                      | Stjórnendur og kennarar 8. bekkjar                     | Leiðsögn og samtalstímar fyrir kennara árgangsins. Mikil ánægja var meðal þátttakenda og er í skoðun að fá áframhaldandi námskeið/leiðsögn.                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| Skólaslit<br>Lestrarupplifun fyrir alla | Stjórnendur og kennarar                                | Framkvæmd gekk vel. Verkefnið stóð yfir allan októbermánuð, einn kafli sögunnar var spilaður fyrir nemendur á mið og unglingastigi á hverjum degi. Mikil spennan var fyrir sögunni á hverjum degi og náðu stjórnendur og kennarar að byggja upp skemmtilega og áhugavekjandi stemmningu á meðal nemenda. Þátttaka nemenda var mjög góð og voru þau með margskonar vinnu í kringum söguna. Lestrarverkefnið var unnið í |

|                                               |                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|-----------------------------------------------|----------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                               |                                                                | <p>Samvinnu allra grunnskóla Reykjanesbæjar og Fræðsluskrifstofu og ætlað að efla lestraráhuga drengja. Verkefnið þykir hafa heppnast með eindæmum vel og stefnt er að sambærilegu verkefni að ári.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Ólympíuhlaup ÍSÍ                              | Skólastjórnendur                                               | <p>Hlaupið gekk vel og almenn ánægja með framkvæmd.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Alþjóðlegi bangsadagurinn                     | Skólastjórnendur og kennarara                                  | <p>Lestrarvinir skólans hittust. Þeir lásu og unnu bangsatengd verkefni saman.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Bleiki dagurinn baráttudagur gegn krabbameini | Skólastjórnendur og kennarar                                   | <p>Nemendur og starfsfólk skólans mættu í einverju bleiku til að sýna baráttunni við krabbamein stuðning.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Samskiptadagur í október                      | Skólastjórnendur og kennarar                                   | <p>Vegna takamarkanna hringdu kennarar í foreldra/forráðamenn. Kennarar og forráðamenn skiptust á upplýsingum og markmið voru sett fyrir komandi vetur. Framkvæmd gekk vel í alla staði, mikil ánægja með fyrirkomulagið.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| KVAN/Krakkar með krökkum. 9. bekkur           | Pétur Brynjarsson deildarstjóri og umsjónarkennarar 9. bekkjar | <p>Námskeið þar sem unglingar fá tækifæri á að vera jákvæðar fyrirmyndir og leiðtogar geti náð til yngri krakka og haft áhrif á hegðun. Markmiðið er að bæta samskipti og bekkjaranda. Einnig að hafa jákvæð áhrif á skólabrag og menningu.</p> <p>Námskeiðið gekk mjög vel og voru nemendur 9. bekkjar ánægðir með það. Hluti af námskeiðinu var að þjálfar yngri nemendur en sökum takmarkana var ekki hægt að framkvæma þann þátt verkefnisins þar sem ekki mátti blanda á milli skólastiga.</p> |
| Vertu ástfanginn af lífinu                    | Stjórnendur og umsjónarkennarar 10. bekkjar                    | <p>Þorgrímur Þráinsson kom og ræddi við nemendur og var með fyrirlestur um mikilvægi þess að setja sér markmið og horfa björtum augum á framtíðina.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Kynjafræði                                    | Stjórnendur og Thelma Björk Jóhannesdóttir                     | <p>Fræðsluerindi og fyrirspurnir um kynjafræði á sal fyrir starfsfólk skólans. Erindið var tekið upp fyrir þá starfsmenn sem ekki komust. Tókst vel til og mikil og þörf umræða.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| Pals – námskeið                               | Stjórnendur og kennarar                                        | <p>Námskeið í Pals – lestraraðferðinni fór fram á vegum FRÆ. Kennarar á yngsta og miðstigi sem ekki höfðu Pals réttindi sóttu námskeiðið.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Lesferill - námskeið                          | Stjórnendur                                                    | <p>MMS hélt námskeið fyrir umsjónarkennara og þá sem koma að fyrirlögn lesfimiþrófa MMS, samtals fjórir fundir.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |

|                           |                                               |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|---------------------------|-----------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                           |                                               | Markmið þeirra var að festa í sessi vinnulag og verkferla við greiningu á niðurstöðum úr matstækjum Lesferils sem leiða á til árangursríkari læsiskennslu og aukinnar lestrarfærni nemenda. Deildarstjóri stoðþjónustu hélt utan um verkefnið og voru allir sammála um að betri yfirsýn skapaðist yfir stöðu nemenda. Þetta verður aðlagð að skólanum og þróað áfram næsta skólaár. |
| Tímalína                  | Stjórnendur og kennarar                       | Hafðís Friðriksdóttir einn af höfundum Talnalínu var með kynningu á efninu, því hvernig leggja skuli skimunina fyrir nemendur og hvernig viðbrögðum skuli beita eftir niðurstöðum hvernar könnunar fyrir sig.                                                                                                                                                                       |
| KVAN verkfærakistan       | Stjórnendur og kennarar                       | Kvan hélt námskeiðið Verkfærakistan fyrir kennara í 5., 6. og 7. bekk. Námskeiðið er 6 skipti og er hluti af verkefninu Allir með! Þetta er hagnýtt námskeið fyrir kennara og annað fagfólk til að vinna með hópa og einstaklinga í samskipta- og félagslegum vanda. Námskeiðið var í 6 skipti.                                                                                     |
| BAUN                      | Verkgreinakennarar                            | Nemendur skólans voru með verk til sýnis á sameiginlegri listasýningu sem haldin var í sýningarsal DUUS húsa. Nemendur og kennarar skólans fóru saman á sýninguna sem þótti heppnast vel.                                                                                                                                                                                           |
| Baráttudagur gegn einelti | Stjórnendur, eineltisteymið og kennarar       | 1.-2. bekkur horfðu á ávaxtakörfuna, 3.-4. bekkur lásu Óboðnir gestir umræður um boðskap efnisins. Til stóð að Hafþór Barði Birgisson yrði með fræðslu á sal um neteinelti en því var frestað vegna Covid-19.                                                                                                                                                                       |
| Fjármálalæsi              | Stjórnendur og þátttakendur                   | Haldið var námskeið í fjármálalæsi sem ætlað er kennurum sem kenna á mið- og unglingastigi. Tilgangur þess er að auka skilning kennara á fjármálalæsi, veita kennurum yfirsýn og sjálfstraust um hvernig kenna megi nemendum fjármálalæsi. Þátttakendur voru ánægðir með námskeiðið.                                                                                                |
| Dagur íslenskrar tungu    | Skólastjórnendur / umsjónarkennarar           | Árgangar komu saman á sal skólans í tilefni dagsins og fluttu atriði sem hæfðu tilefni dagsins.                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Stóra upplestrarkeppnin   | Skólastjórnendur og umsjónarkennara í 7. bekk | Fyrirkomulagið á skólakeppninni var mjög gott. Í ár voru nemendur í 6. og 7. bekk og foreldrar/forráðamenn gestir í sal. Tveir nemendur lásu í gegnum Teams. Dómarar í keppninni voru þær Guðbjörg Rut Þórisdóttir, Guðlaug María Lewis og Hrafnhildur Hilmarsdóttir                                                                                                                |

|                                   |                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|-----------------------------------|-------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk | Kennarar í 4. bekk                  | Fór fram á sal og voru nemendur 4. bekkjar og foreldrar/forráðamenn gestir í sal.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Dagskráin í desember              | Stjórnendur og kennarar             | Dagskráin var nokkuð einföld að þessu sinni, vegna takmarkanna. Nemendur settu skólann í jólabúning, horft var á jólamynd, frjálst nesti á fimmtudögum þar sem nemendur í 10. bekk voru með snúðasölu fyrir þá sem vildu, höfundar lásu upp úr bókum sínum og var upplestrinum streymt í stofur, hátíðarmatur var snæddur. Allir dagar í desember voru jólapeysu eða jólahúfudagar.                                                                  |
| Jólahátíð                         | Stjórnendur og kennarar             | Mjög notaleg og ljúf stund sem tókst vel. Nemendur voru með umsjónarkennara í heimastofu frá kl. 10:00-11:00.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Jólasaga                          | Stjórnendur og kennarar             | Efnt var til jólasögukeppni í desembermánuði. Nemendur sem höfðu áhuga á því að taka þátt skiluðu inn jólasögu. Fjölmargar sögur bárust og erfitt reyndist að skera úr sigurvegara. Gerð sögunnar fór að mestu fram heima en íslenskukennarar veittu aðstoð til þeirra sem leituðust eftir því. Markmiðið með sögugerðinni var að nemendur finni sköpunargleðina innra með sér. Verðlaun voru veitt fyrir þrjú efstu sætin á hverju stigi fyrir sig. |
| Samskiptadagur í janúar           | Stjórnendur og kennarar             | Foreldrum/forráðamönnum var boðið að velja hvort að þau kæmu í skólann í samtal eða hvort að samtalið færi fram símleiðis eða í gegnum Teams. Samtölin fóru að mestu leiti fram í gegnum síma eða Teams að ósk foreldra. Framkvæmd gekk vel.                                                                                                                                                                                                         |
| Lífshlaupið                       | Stjórnendur og starfsmenn           | Starfsmenn skólans hafa tekið þátt í Lífshlaupinu síðastliðin ár og hafa allflestir tekið þátt. Reynt er að brydda upp á einhverjum uppákomun í tengslum við hlaupið t.a.m. er boðið upp á vítamín og ávexti á kennarastofunni, fólki boðið í yogatíma, danstíma, skipulagðar göngur og margt fleira.                                                                                                                                                |
| Danspartý                         | Stjórnendur, starfsmenn og nemendur | Foreldrafélögin skipulögðu viðburð til þess að gefa nemendum og starfsfólki grunnskóla tækifæri til að gleyma sér í söng, dans og gleði. Bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór héldu tónleika og var þeim                                                                                                                                                                                                                                             |

|                    |                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|--------------------|---------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                    |                                 | <p>streymt frá Hljómahöll og þannig hægt að bjóða upp á frábæra skemmtun í hverri kennslustofu fyrir sig.</p> <p>Tónleikarnir heppnuðust vel og var dansað í hverri stofu, hljóðútsendingin var þó eitthvað að stríða fólki og var ansi lág.</p>                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Öskudagur          | Stjórnendur og kennarar         | <p>Skertur nemendadagur. Kennsla til kl. 10:35. Boðið var upp á diskó á sal fyrir yngsta stig kl. 8:10, fyrir mið stig kl 8:50 og fyrir unglinga stin kl 9:50. Kl. 10:35 mættu 5. – 10. bekkingar á sal þar sem viðurkennigar fyrir búninga voru veittar. Framkvæmdin gekk vel í alla staði.</p>                                                                                                                                                                                                       |
| Árshátíð           | Skólastjórnendur og kennarar    | <p>Árshátíðin í ár var einstaklega glæsileg þar sem allir árgangar skólans voru með skemmtiatriði. Kennarar og starfsfólk skólans voru einnig með atriði í íþróttahúsinu. Þema árshátíðarinnar að þessu sinni var Disney-myndir. Söngur, dans og gleði fyllti húsið öllum til mikillar gleði. Boðið var til kaffisamsætis í skólanum að lokinni skemmtidagskrá í íþróttahúsinu. Við tókum á móti u.þ.b. 1000 manns þar sem boðið var upp á kaffibrauð af öllu tagi. Hátíðin gekk vel í alla staði.</p> |
| Námsferð til Rómar | Stjórnendur                     | <p>Starfsfólk Holtaskóla fór í námsferð til Rómar. Námskeið um jákvæðan aga var mjög svo áhugavert og passar vel inn í PBS kerfið og markmið okkar um jákvæða styrkingu.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Vorferðir          | Stjórnendur og umsjónarkennarar | <p>Nemendur í 10. bekk fóru í hefðbundna útskriftarferð um Suðurlandið 30.maí - 1. júní. 1.-9. bekkir fóru í vorferðir ýmist innanbæjar eða til Reykjavíkur. Ferðirnar gengu vel.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Skólahreysti       | Íþróttakennarar                 | <p>Skólinn tók þátt í Skólahreysti og hafnaði í þriðja sæti. Flott og skemmtileg keppni. Úrslit fóru fram á laugardegi sem er ekki vinnudagur kennara.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Holtasprettur      | Stjórnendur og kennarar         | <p>Holtasprettur samanstendur af ýmsum þrautum sem nemendur leysa og safna stigum. Þurftum að gera nokkrar breytingar í tveimur þrautum, rólunum og jarðsprengjugangan. Að öðru leiti var framkvæmdin flott í alla staði.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Vorhátíð           | Stjórnendur og kennarar.        | <p>Skemmtileg dagskrá með karnival stemningu. Skemmtun á borð við regnbogahlaup, hoppukastala, sápusvell, andlitsmálun o.fl. Dansflokkur frá Danskömpaný var með sýningu og Jón Jónsson mætti á</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |

|           |                          |                                                                                                                                                                                                                                                |
|-----------|--------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|           |                          | staðinn og tryllti lýðinn, í lokin var boðið upp á grillaðar pylsur. Allt gekk eins og í sögu og allir kátir.                                                                                                                                  |
| Skólaslit | Stjórnendur og kennarar. | Skólaslit fóru fram í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og voru þrískipt, 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Að lokinni útskrift 10. bekkinga var nemendum og foreldrum þeirra boðið til kaffisamsætis á sal Holtaskóla í boði starfsfólks. |

## 7 Skólapúlsinn

### 7.1 Nemendakönnun

Könnun Skólapúlsins er lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Nemendakönnunin fór fram í fimm 40 - 42 nemenda úrtökum, í september, nóvember, janúar, mars og maí. Verið var að mæla virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Einnig gátu nemendur skrifað athugasemdir eða opin svör. Niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundi.

#### 7.1.1 Virkni nemenda í skólanum – niðurstöður

| Matsþættir ↑↓                      | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N      | Mismunur |
|------------------------------------|------------|-----|----------|--------|--------|----------|
| 1.1. Ánægja af lestri              | 4,3        | 196 | 0,1      | 4,4    | 16.560 | -0,1     |
| 1.2. Þrautseigja í námi            | 4,3        | 196 | -0,1     | 4,5    | 16.652 | -0,2     |
| 1.3. Áhugi á stærðfræði            | 4,4        | 195 | -0,1     | 4,8    | 16.891 | -0,4*    |
| 1.4. Ánægja af náttúrufræði        | 4,4        | 196 | 0,0      | 4,5    | 16.877 | 0,0      |
| 1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi | 4,4        | 196 | -0,2     | 4,4    | 16.645 | 0,0      |
| 1.6. Trú á eigin námsgetu          | 4,9        | 196 | -        | 4,9    | 16.854 | 0,0      |

#### 7.1.2 Líðan og heilsa – niðurstöður

| Matsþættir ↑↓                              | Niðurstaða | N       | Breyting | Landið | N          | Mismunur |
|--------------------------------------------|------------|---------|----------|--------|------------|----------|
| 2.1. Sjálfsálit                            | 4,2        | 195     | 0,2      | 4,3    | 16.581     | -0,1     |
| 2.2. Stjórn á eigin lífi                   | 4,0        | 195     | -0,1     | 4,3    | 16.537     | -0,3*    |
| 2.3. Velliðan                              | 4,2        | 195     | -0,0     | 4,3    | 16.732     | -0,1     |
| 2.4. Áhyggjur og stress - ástæður          | -          | 55      | -        | -      | -          | -        |
| 2.5. Einelti                               | 5,8        | 195     | -0,1     | 5,6    | 16.708     | 0,1      |
| 2.6. Tíðni eineltis                        | 20,1%      | 39/194  | 2,4%     | 14,6%  | 2505/16639 | 5,5%*    |
| 2.7. Staðir eineltis                       | -          | 36      | -        | -      | -          | -        |
| 2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar | 53,2%      | 101/190 | 3,2%     | 44,4%  | 7254/16290 | 8,8%*    |
| 2.9. Holt mataræði                         | 4,6        | 193     | 0,2      | 4,6    | 16.431     | 0,0      |

### 7.1.3 Skóla-og bekkjarandi – niðurstöður

| Matsþættir ↑↓                      | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N      | Mismunur |
|------------------------------------|------------|-----|----------|--------|--------|----------|
| 3.1. Samsömun við nemendahópinn    | 4,7        | 193 | 0,0      | 4,8    | 16.405 | -0,1     |
| 3.2. Samband nemenda við kennara   | 4,3        | 193 | -0,1     | 4,8    | 16.613 | -0,5*    |
| 3.3. Agi í tímum                   | 4,7        | 195 | -0,1     | 4,9    | 16.595 | -0,2     |
| 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum | 4,6        | 195 | -0,2     | 4,9    | 16.552 | -0,3*    |
| 3.5. Tíðni leiðsagnarmats          | 5,1        | 195 | 0,1      | 4,9    | 16.550 | 0,2      |

Eins og sjá má í töflunum hér að ofan, þá koma nokkrir þættir í svörum hjá nemendum ekki nægilega vel út. Markmið skólans er að vera á landsmeðaltali eða ofar. Í skólabyrjun í ágúst verður myndaður sérstakir rýnihópar sem munu fara í saumana á niðurstöðunum. Rýnihópurinn mun síðan skila niðurstöðum um úrbætur sem lagðar verða fyrir starfsmannafund, eigi síðar en í lok október 2022.

## 8 Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við. Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf sem unnið er í Holtaskóla enn betra.

Þessi skýrsla verður lögð til grundvallar vinnu við gerð umbótaráætlunar skólans sem unnin verður haustið 2022. Sú vinna verður unnin í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsmenn skólans, skólaráð, foreldra og nemendur.